



Mosfellsbær

Sindri Birgisson

Þverholti 2

270 MOSFELLSBÆR

Garðabær, 10.2.2025

Málsnúmer: 202412-0046

IAS

Efni: Blikastaðaland 1. áfangi

Vísað er í erindi Mosfellsbæjar frá 17. desember 2024 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um drög til forkynningar að umhverfismatsskýrslu fyrir 1. deiliskipulagsáfangi Blikastaðalands.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér drögin og telur að það helsta sem þar þarf að koma fram vera til staðar en kemur með eftirfarandi athugasemdir og vísar auk þess í umsögn um skipulagslýsingu sama máls frá 12. janúar á síðasta ári.

Í kafla um náttúrufar segir m.a.: „Í tengslum við undirbúning deiliskipulags svæðisins var unnin náttúrufarsúttekt (í samræmi við kröfur BREEAM).“ Ekki er hægt að sjá hvort kannað hafi verið hvort sjaldgæfar plöntur finnast á svæðinu en í Náttúrufræðistofnun benti á í fyrri umsögn að giljaflækja (*Vicia sepium*), sem er á friðlýst, hefur fundist í nágrenninu. Þá segir að grágæs verpi á svæðinu og að í vettvangsrannsókn hafi sést til stelks, spóa, jaðrakans, kríu, þúfutittlinga og fleiri smáfugla og að líklegt sé að þessar tegundir leiti annað samhliða uppbyggingu á svæðinu en aðrar tegundir muni hugsanlega finna sér samastað á svæðinu. Ekki kemur fram fjöldi einstaklinga sem sást við vettvangsathugunina en heildaráhrifin eru metin óveruleg. Æskilegt væri að betri gögn um fuglalíf væru til staðar til að styðja það mat.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur